

Hafnarreglugjörð

105
6. ágúst

fyrir Búðakauptún í Suðurmúlasýslu.

Stjórnarráð Íslands hefir 6. ágúst 1908 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Búðakauptún í Suðurmúlasýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

I. Hafnargjald.

Öll skip, (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem leggjast á Fáskrúðsfjarðarhöfn, fyrir innan beina línu úr merkisteini, merktum B, sem er á takmörkum Búðahrepps norðan fjarðar, yfir fjörðinn í næsta gil innan við bæinn Sævarborg sunnan fjarðar, hvort sem þau kasta akkeri eða leggjast við bryggju, skulu greiða hafnargjald, sem hjer segir:

- a. Útlend veiðiskip, sildveiðaskip, hvalveiðaskip og flutningsskip (þar með talin skip, er mestmegnis eða eingöngu flytja hverskonar sjáfarafía sem er milli landa), skulu gjalda 5 aura af hverri smálest alls farrúmsins í fyrsta sinn á ári hverju, er þau leggjast á höfninni, hvort sem þau koma beint frá útlöndum eða frá einhverri annari höfn á Íslandi. Komi slíkt skip oftár beint frá útlöndum á því sama ári, skal það í hvert skifti greiða hið sama gjald, en komi það oftár frá útlöndum á sama árinu, en komi þó fyrst á einhverja aðra höfn á Íslandi og þaðan til Fáskrúðsfjarðar, skal það í hvert sinn, að undanteknu fyrsta skiftinu, að eins greiða 3 aura af hverri smálest sem hafnargjald í Fáskrúðsfirði.
- b. Útlend strandferðaskip, er ganga í milli hafna á Íslandi, skulu, þá er þau í fyrsta skifti á árinu leggjast á Fáskrúðsfjarðarhöfn, gjalda í hafnargjald 5 aura af hverri smálest, en ekkert frekara, þó þau leggist þar oftár á sama ári.

Þau útlend skip, sem liggja á Fáskrúðsfjarðarhöfn yfir veturinn, skulu greiða 10 kr. fyrir það í hafnarsjóð.

II. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin greiðslu hafnargjalds á Fáskrúðsfirði eru öll herskip og skemtiskip, hveírar þjóðar sem eru, svo og mælingarskip og spítalaskip. Svo eru og undanþegin hafnargjaldi skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið borinn á land, ef þau flytja burt farminn og ekki annað.

III. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeigenda eða umráðamanna, og greiðist borgun eftir samkomulagi.

IV. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem ákveðin eru hjer á undan, skulu renna í hafnarsjóð Búðakauptúns og skal honum varið til þess að gjöra umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til ljóskera til leiðbeiningar við innsiglingar á fjörðinn og höfnina.

Hreppsnefnd Búðahrepps kys 3 menn í hafnarnefnd til þess að hafa umsjón með, að reglugjörð þessari sje hlýtt, innheimta gjöldin til hafnarsjóðs og stjórna honum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda eftir tillögu hafnarnefndar og ákveður, hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsfjlagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

V. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. október 1908 og skal endurskoðast fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands 6. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.